



Reynsla og viðhorf kjörinna fulltrúa í bæjar- og sveitarstjórnnum á Íslandi

Febrúar 2022

Ásdís A. Arnalds
Eva Marín Hlynsdóttir





EFNISYFIRLIT

| | |
|---|-----------|
| Töfluyfirlit | 3 |
| Myndayfirlit | 6 |
| Inngangur | 8 |
| Aðferð | 9 |
| Úrtak og svörun könnunar | 9 |
| Úrvinnsla | 9 |
| Bakgrunnur þátttakenda | 9 |
| Hlutverkaskipting og áhrif á ákvarðanatöku | 11 |
| Samsetning í bæjar- eða sveitarstjórn | 14 |
| Fyrri reynsla og ástæða framboðs | 16 |
| Samskipti | 19 |
| Vinnutími og greiðslur | 22 |
| Mat á eigin hlutverki og ábyrgð | 25 |
| Aðgengi að upplýsingum | 28 |
| Pólítískur þrýstingur | 29 |
| Viðhorf til lýðræðis | 30 |
| Litið yfir farinn veg og horft til framtíðar | 34 |
| Viðauki 1 | 36 |
| Viðauki 2 | 65 |

TÖFLUYFIRLIT

| | |
|---|----|
| Tafla 1. Hvert er kyn þitt?..... | 10 |
| Tafla 2. Aldursdreifing þátttakenda | 10 |
| Tafla 3. Hvað búa margir í þínu sveitarfélagi? | 11 |
| Tafla 4. Hvar myndir þú staðsetja skoðanir þínar á kvarða þar sem 0 þýðir lengst til vinstri og 10 þýðir lengst til hægri? | 11 |
| Tafla 5. Vinsamlegast gerður grein fyrir pólitískri samsetningu þinnar bæjar-/sveitarstjórnar..... | 15 |
| Tafla 6. Er þinn flokkur/listi í meirihluta eða minnihluta í bæjar-/sveitarstjórn? | 15 |
| Tafla 7. Telur þú þig hafa verið vel eða illa undirbúin(n) fyrir að sinna stöðu þinni sem kjörinn fulltrúi þegar þú varst fyrst kjörin(n) í bæjar-/sveitarstjórn?..... | 18 |
| Tafla 8. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið? | 19 |
| Tafla 9. Undir hvern af eftirfarandi flokkum fellur starfið sem þú starfaðir síðast við áður en þú varst fyrst kosin/n sem fulltrúi í bæjar-/sveitarstjórn? | 19 |
| Tafla 10. Þegar á heildina er litið, hvernig metur þú tíðni pólitískra átaka á milli þeirra stjórn málaafra sem mynda bæjar-/sveitarstjórn í þínu sveitarfélagi? | 20 |
| Tafla 11. Hve miklum tíma á mánuði eyðir þú í eftirfarandi verkefni? | 22 |
| Tafla 12. Er starf þitt sem kjörinn fulltrúi fullt starf?..... | 24 |
| Tafla 13. Hversu ófullnægjandi eða fullnægjandi telur þú þau laun og/eða greiðslur sem þú færð sem kjörinn fulltrúi í bæjar-/sveitarstjórn vera? | 24 |
| Tafla 14. Ef skoðanir kjörins fulltrúa í bæjar-/sveitarstjórn stangast á við skoðanir flokksfélaga í bæjar-/sveitarstjórn eða skoðanir kjósenda, hvernig ætti viðkomandi að kjósa að þínu mati? | 28 |
| Tafla 15. Nú líður að lokum kjörtímabilsins, hvað stefnir þú á að því loknu? | 34 |
| Tafla 16. Ef þú stefnir á að hætta sem kjörinn fulltrúi í bæjar-/sveitarstjórn, vinsamlegast taktu fram mikilvægi eftirfarandi þátta í þeirri ákvörðun | 35 |
| Tafla i. Hlutverk sveitarfélaga er fyrst og fremst að veita góða þjónustu til íbúa sveitarfélagsins - Bakgrunnsgreining | 36 |
| Tafla ii. Starf kjörins fulltrúa á að snúast um stefnumótun en ekki útfærslu á daglegum verkefnum stjórnsýslunnar - Bakgrunnsgreining..... | 36 |
| Tafla iii. Það er kostur ef bæjar-/sveitarstjóri hefur sömu stjórn málaaskoðanir og meirihlutinn í bæjar-/sveitarstjórn – Bakgrunnsgreining..... | 37 |
| Tafla iv. Hlutverk sveitarfélaga er fyrst og fremst að vera málsvari staðbundins lýðræðis – Bakgrunnsgreining. | 37 |
| Tafla v. Stjórnsýslan ætti að vera hlutlaus og taka ákvarðanir byggðar á sérþekkingu – Bakgrunnsgreining..... | 37 |
| Tafla vi. Sveitarfélögum ber að haga stefnumótun í einstökum málaflokkum á þann veg að hún endurspegli stefnu ríkisvaldsins - Bakgrunnsgreining | 38 |

| | |
|--|----|
| Tafla vii. Kjörnir fulltrúar ættu að geta gefið starfsfólki stjórnsýslunnar bein og milliliðalaus fyrirmæli – Bakgrunnsgreining | 38 |
| Tafla viii. Starfsfólk stjórnsýslunnar ætti að kynna sér skoðanir stjórnámamanna og leggja fram tillögur í samræmi við þær – Bakgrunnsgreining | 39 |
| Tafla ix. Kjörnir fulltrúar ættu fyrst og fremst að einbeita sér að verkefnum í eigin sveitarfélagi en láta aðra aðila um stefnumótun á héraða-/eða landshlutavísu - Bakgrunnsgreining | 39 |
| Tafla x. Vinsamlegast gerður grein fyrir pólitískri samsetningu þinnar bæjar-/sveitarstjórnar - Bakgrunnsgreining | 40 |
| Tafla xi Er þinn flokkur/listi í meirihluta eða minnihluta í bæjar-/sveitarstjórn? - Bakgrunnsgreining | 41 |
| Tafla xii. Þegar þú bauðst þig fyrst fram, hve mikilvægar eða lítilvægar voru eftirfarandi ástæður? Almennur áhugi á stjórnámum - Bakgrunnsgreining | 41 |
| Tafla xiii. Þegar þú bauðst þig fyrst fram, hve mikilvægar eða lítilvægar voru eftirfarandi ástæður? Tækifæri til þess að tala fyrir hagsmunum ákveðinna hópa í samfélaginu - Bakgrunnsgreining | 42 |
| Tafla xiv. Þegar þú bauðst þig fyrst fram, hve mikilvægar eða lítilvægar voru eftirfarandi ástæður? Tækifæri til þess að læra hvernig stjórnámálakerfið virkar - Bakgrunnsgreining..... | 42 |
| Tafla xv. Þegar þú bauðst þig fyrst fram, hve mikilvægar eða lítilvægar voru eftirfarandi ástæður? Tækifæri til að vinna gott starf fyrir flokkinn sem ég er fulltrúi fyrir - Bakgrunnsgreining..... | 42 |
| Tafla xvi. Þegar þú bauðst þig fyrst fram sem kjörinn fulltrúi, hve mikilvægar eða lítilvægar voru eftirfarandi ástæður? Tækifæri til þess að hafa áhrif á stjórnsýslu sveitarfélagsins - Bakgrunnsgreining | 43 |
| Tafla xvii. Þegar þú bauðst þig fyrst fram, hve mikilvægar eða lítilvægar voru eftirfarandi ástæður? Tækifæri til að styrkja tengslanet mitt - Bakgrunnsgreining | 43 |
| Tafla xviii. Þegar þú bauðst þig fyrst fram sem kjörinn fulltrúi, hve mikilvægar eða lítilvægar voru eftirfarandi ástæður? Tækifæri til að hefja stjórnámálaferil - Bakgrunnsgreining | 44 |
| Tafla xix. Þegar þú bauðst þig fyrst fram sem kjörinn fulltrúi, hve mikilvægar eða lítilvægar voru eftirfarandi ástæður? Tækifæri til þess að hafa áhrif á ákveðin mál - Bakgrunnsgreining | 44 |
| Tafla xx. Þegar þú bauðst þig fyrst fram sem kjörinn fulltrúi, hve mikilvægar eða lítilvægar voru eftirfarandi ástæður? Samfélagsleg skylda að taka þátt í sveitarstjórnarmálum - Bakgrunnsgreining..... | 45 |
| Tafla xxi. Þegar þú bauðst þig fyrst fram sem kjörinn, hve mikilvægar eða lítilvægar voru eftirfarandi ástæður? Greiðslur fyrir setu sem kjörinn fulltrúi - Bakgrunnsgreining..... | 45 |
| Tafla xxii. Telur þú þig hafa verið vel eða illa undirbúin(n) fyrir að sinna stöðu þinni sem kjörinn fulltrúi þegar þú varst fyrst kjörin(n) í bæjar-/sveitarstjórn? - Bakgrunnsgreining..... | 46 |
| Tafla xxiii. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið? - Bakgrunnsgreining | 46 |
| Tafla xxiv. Undir hvern af eftirfarandi flokkum fellur starfið sem þú starfaðir síðast við áður en þú varst fyrst kosin/n sem fulltrúi í bæjar-/sveitarstjórn? - Bakgrunnsgreining | 47 |
| Tafla xxv. Þegar á heildina er litið, hvernig metur þú tíðni pólitískra átaka á milli þeirra stjórnámálaafila sem mynda bæjar-/sveitarstjórn í þínu sveitarfélagi? - Bakgrunnsgreining..... | 48 |

| | |
|--|----|
| Tafla xxvi. Hve miklum tíma á mánuði eyðir þú í verkefni tengd störfum þínum sem kjörinn fulltrúi (samanlagður tími)? - Bakgrunnsgreining | 48 |
| Tafla xxvii. Hefur þú átt erfitt með að sækja fundi bæjar-/sveitarstjórnar eða nefndarfundi vegna vinnu? - Bakgrunnsgreining | 49 |
| Tafla xxviii. Hefur þér verið neitað af vinnuveitanda um leyfi til að mæta á fund bæjar- sveitarstjórnar eða annarra nefndastarfa á vegum sveitarfélagsins? - Bakgrunnsgreining | 49 |
| Tafla xxix. Hefur þú verið beitt(ur) þrýstingi af hálfu vinnuveitanda til að sleppa fundum á vinnutíma? - Bakgrunnsgreining | 50 |
| Tafla xxx. Hefur þú upplifað neikvæð samskipti við yfirmann vegna pólitískrar þátttöku þinnar? – Bakgrunnsgreining | 50 |
| Tafla xxxi. Er starf þitt sem kjörinn fulltrúi fullt starf? – Bakgrunnsgreining | 51 |
| Tafla xxxii. Ég er í skertu starfshlutfalli sem kjörinn fulltrúi meðfram öðru starfi – Bakgrunnsgreining | 51 |
| Tafla xxxiii. Ég hef minnkað við mig vinnu til að sinna starfi kjörins fulltrúa - Bakgrunnsgreining..... | 52 |
| Tafla xxxiv. Ég er í fullu starfi annars staðar - Bakgrunnsgreining | 52 |
| Tafla xxxv. Hversu ófullnægjandi eða fullnægjandi telur þú þau laun og/eða greiðslur sem þú færð sem kjörinn fulltrúi í bæjar-/sveitarstjórn vera? - Bakgrunnsgreining..... | 53 |
| Tafla xxxvi. Ertu formaður nefndar/stjórnar innan sveitarfélagsins? - Bakgrunnsgreining..... | 53 |
| Tafla xxxvii. Ertu oddviti sveitarstjórnar eða forseti bæjarstjórnar? - Bakgrunnsgreining..... | 54 |
| Tafla xxxviii. Ég gegni engum sérstökum ábyrgðarstörfum innan bæjar-/sveitarstjórnar - Bakgrunnsgreining ... | 54 |
| Tafla xxxix. Ég hef alltaf aðgengi að nægum upplýsingum til að taka upplýsta ákvörðun í starfi mínu sem kjörinn fulltrúi - Bakgrunnsgreining..... | 55 |
| Tafla xl. Það hefur gerst á yfirstandandi kjörtímabili að einhver láti mig ekki hafa upplýsingar sem ég þarf til að sinna starfi mínu sem kjörinn fulltrúi - Bakgrunnsgreining | 55 |
| Tafla xli. Í starfi mínu sem kjörinn fulltrúi á yfirstandandi kjörtímabili hef ég orðið fyrir þrýstingi þegar kemur að ákvarðanatöku í einstaka málum af hálfu byggingarverktaka - Bakgrunnsgreining | 55 |
| Tafla xlii. Í starfi mínu sem kjörinn fulltrúi á yfirstandandi kjörtímabili hef ég orðið fyrir þrýstingi þegar kemur að ákvarðanatöku í einstaka málum af hálfu félagsamtaka - Bakgrunnsgreining..... | 56 |
| Tafla xliii. Í starfi mínu sem kjörinn fulltrúi á yfirstandandi kjörtímabili hef ég orðið fyrir þrýstingi þegar kemur að ákvarðanatöku í einstaka málum af hálfu landeigenda - Bakgrunnsgreining | 56 |
| Tafla xliv. Í starfi mínu sem kjörinn fulltrúi á yfirstandandi kjörtímabili hef ég orðið fyrir þrýstingi þegar kemur að ákvarðanatöku í einstaka málum af hálfu fyrirtækja innan sveitarfélagsins - Bakgrunnsgreining..... | 57 |
| Tafla xlv. Í starfi mínu sem kjörinn fulltrúi á yfirstandandi kjörtímabili hef ég orðið fyrir þrýstingi þegar kemur að ákvarðanatöku í einstaka málum af hálfu annarra - Bakgrunnsgreining | 57 |
| Tafla xlvi. Heilt á litið er ég mjög sátt(ur) með feril minn sem kjörinn fulltrúi - Bakgrunnsgreining..... | 58 |
| Tafla xlvii. Ég hef auðveldlega getað sambætt störf mín sem kjörinn fulltrúi við aðrar skyldur í starfi og einkalífi - Bakgrunnsgreining | 58 |

| | |
|--|----|
| Tafla xlviii. Ég hef náð flestum þeim markmiðum sem ég setti mér í upphafi ferils míns sem kjörinn fulltrúi - Bakgrunnsgreining | 59 |
| Tafla xlix. Ég hef verið undir miklu álagi til lengri tíma í stöðu minni sem kjörinn fulltrúi - Bakgrunnsgreining ... | 60 |
| Tafla I. Nú líður að lokum kjörtímabilsins, hvað stefnir þú á að því loknu? - Bakgrunnsgreining | 60 |
| Tafla li. Mikilvægi í þeirri ákvörðun að hætta: Ég vil einbeita mér að öðru starfi sem ég gegni - Bakgrunnsgreining | 61 |
| Tafla lii. Mikilvægi í þeirri ákvörðun að hætta: Ég hef sinnt minni samfélagslegu skyldu með þátttöku í sveitarstjórnarmálum - Bakgrunnsgreining..... | 61 |
| Tafla liii. Mikilvægi í þeirri ákvörðun að hætta: Ég tel að verkefni tengd þátttöku í sveitarstjórnarmálum taki of mikinn tíma frá fjölskyldu og vinnu - Bakgrunnsgreining..... | 62 |
| Tafla liv. Mikilvægi í þeirri ákvörðun að hætta: Ég upplifi mig áhrifalaus(a) innan sveitarstjórnar - Bakgrunnsgreining | 62 |
| Tafla lv. Mikilvægi í þeirri ákvörðun að hætta: Ég upplifi minn flokk/lista áhrifalaus(a) innan sveitarstjórnar - Bakgrunnsgreining | 63 |
| Tafla lvi. Mikilvægi í þeirri ákvörðun að hætta: Ég er of gamall/gömul - Bakgrunnsgreining | 63 |
| Tafla lvii. Mikilvægi í þeirri ákvörðun að hætta: Ég stefni á að flytja úr sveitarfélaginu - Bakgrunnsgreining | 64 |

MYNDAYFIRLIT

| | |
|--|----|
| Mynd 1. Hvort telur þú að bæjar-/sveitarstjórn í þínu sveitarfélagi eða undirnefndir hennar gegni alla jafna eftirfarandi hlutverkum?..... | 12 |
| Mynd 2. Hversu mikil eða lítil áhrif hafa eftirfarandi aðilar að þínu mati á ákvarðanatöku bæjar-/sveitarstjórnar í þínu sveitarfélagi? | 13 |
| Mynd 3. Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga út frá afstöðu þinni til sveitarstjórnarmála | 14 |
| Mynd 4. Áður en þú varst fyrst kjörin(n) aðalmaður í bæjar-/sveitarstjórn varst þú..... | 16 |
| Mynd 5. Þegar þú bauðst þig fyrst fram sem kjörinn fulltrúi í bæjar-/sveitarstjórn, hve mikilvægar eða lítilvægar voru eftirfarandi ástæður?..... | 17 |
| Mynd 6. Hefur þú sótt námskeið til að styrkja þig sem kjörinn fulltrúi? | 18 |
| Mynd 7. Hversu oft að jafnaði áttu í samskiptum við eftirfarandi aðila? | 21 |
| Mynd 8. Hversu oft hefur þú haft samband við eftirfarandi aðila til að vinna staðbundnum málefnum sveitarfélagsins eða byggðarlagsins brautargengi?..... | 22 |
| Mynd 9. Sveigjanleiki af hálfu atvinnurekenda er mikilvægur fyrir kjörna fulltrúa. Vinsamlegast svaraðu eftirfarandi spurningum út frá þinni reynslu á yfirstandandi kjörtímabili | 23 |
| Mynd 10. Eiga eftirfarandi fullyrðingar við um þig og þitt starf? | 24 |
| Mynd 11. Gegnir þú einhverri af eftirtöldum ábyrgðarstöðum innan bæjar-/sveitarstjórnar?..... | 26 |



| | |
|--|----|
| Mynd 12. Hversu mikilvæg eða lítilvæg telur þú eftirfarandi verkefni vera fyrir þig sem kjörinn fulltrúi í bæjar-/sveitarstjórn?..... | 27 |
| Mynd 13. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum um aðgengi að upplýsingum? | 28 |
| Mynd 14. Vinsamlegast leggðu mat á hvert þú sækir helst aðstoð eða upplýsingar innan stjórnsýslunnar í þínu sveitarfélagi | 29 |
| Mynd 15. Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga um þrýsting þegar kemur að ákvarðanatöku í einstaka málum..... | 30 |
| Mynd 16. Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga um hvernig lýðræði ætti að virka..... | 31 |
| Mynd 17. Hversu áhrifamiklar eða áhrifalitlar telur þú eftirfarandi leiðir vera þegar kemur að því að kanna hug íbúa til ólíkra málaflokka? | 32 |
| Mynd 18. Hér eru nokkrar lýðræðisumbætur sem hafa verið kynntar í evrópskum sveitarfélögum. Óháð því hvort slíkar breytingar hafa verið gerðar í þínu sveitafélagi, hversu æskilegar eða óæskilegar telur þú þær vera? | 33 |
| Mynd 19. Þegar þú horfir til baka yfir tíma þinn sem kjörinn fulltrúi hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? | 34 |

INNGANGUR

Íslenska sveitarstjórnarstigið hefur tekið miklum breytingum á síðustu áratugum. Þar fer mest fyrir fjölgun verkefna samhliða mikilli fækkun sveitarfélaga. Þannig hefur hlutur sveitarfélaga í umsvifum hins opinbera farið stigvaxandi. Þessi þróun hefur ekki síst haft áhrif á aðstæður kjörinna fulltrúa. Á sama tíma hefur samfélagsleg umræða um erfiðar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa orðið háværi. Markmið þessarar skýrslu og könnunarinnar sem hún byggir á er að draga fram helstu þætti er varða bakgrunn, viðhorf, og almennar starfsaðstæður kjörinna aðalfulltrúa í íslenskum sveitar- og bæjarstjórnnum ásamt borgarstjórn kjörtímabilið 2018-2022. Kann ég öllum þátttakendum í könnuninni mínar bestu þakkir.

Við gerð spurningalistans var sérstaklega litið til íslenskra aðstæðna og bætt við spurningum í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og innviðaráðuneyti¹ sem var ætlað að draga fram sérkenni sveitarstjórnarkerfisins. Í meginráttum var könnunin hins vegar unnin að evrópskri fyrirmynd og byggir á spurningum sem lagðar voru til grundvallar bókarinnar *Local Councillors in Europe* (2013) eftir Björn Egner, David Sweeting og Pieter-Jan Klok (ritstj.). Þar sem aðeins fimm einstaklingar svöruðu því játandi að annað eða báðir foreldrar þeirra væru fæddir erlendis, var frekara niðurbroti á þeim svörum sleppt. Þá er einnig gagnlegt að hafa í huga við lestur skýrslunnar að íslenskar sveitarstjórnir teljast til næstfámennustu sveitarstjórna í Evrópu samkvæmt yfirliti í *The Routledge Handbook of Local elections and Voting in Europe*. Meðalfjöldi íslenskra fulltrúa í íslenskum sveitarstjórnnum eru sjö einstaklingar á móti 24,8 í Danmörku, 26,2 í Noregi, 30,5 í Finnlandi og 43,8 í Svíþjóð.

Könnunin var framkvæmd í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og þakka ég starfsmönnum stofnunarinnar fyrir gott samstarf. Skýrslan var unnin í samstarfi við innviðaráðuneytið í tengslum við vinnu verkefnisstjórnar um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa, sbr. 8. aðgerð innan aðgerðaráætlunar stjórnvalda á sviði sveitarstjórnarmála. Í viðauka 2 við skýrsluna er jafnframt að finna skýrslu um reynslu kjörinna fulltrúa af áreiti sem unnin var fyrir innviðaráðuneyti á grundvelli sömu gagna í febrúar 2021.

Rannsóknin var styrkt af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Eva Marín Hlynsdóttir, prófessor Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands

Reykjavík, 28. febrúar 2022

¹ Áður samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

AÐFERÐ

Notast var við meginlegt rannsóknarsnið. Lagður var spurningalisti fyrir alla kjörna aðalfulltrúa bæjar- og sveitarstjórna á landinu öllu fyrir utan kjörna fulltrúa sveitarstjórnar Múlaþings sem þá voru nýkjörnir.

Úrtak og svörun könnunar

Könnunin beindist að kjörnum fulltrúum bæjar- og sveitarstjórna. Hlekkur að könnun var sendur fulltrúunum í tölvupósti og voru þeir beðnir að svara könnuninni á netinu. Könnunin var lögð fyrir dagana 16. nóvember til 4. desember 2020. Alls var könnunin send á 466 kjörna fulltrúa og var heildarfjöldi þátttakenda 236. Heildarsvarhlutfall var því um 51%.

Úrvinnsla



Í kafla um niðurstöður eru tölur og myndir sem birta dreifingu svara við spurningum könnunarinnar. Í viðauka er afstaða til valdra spurninga greind eftir kyni, aldri, stærð sveitarfélags og staðsetningu svarenda á vinstri-hægri kvarða. Notast var við marktektarprófið kí-kvaðrat til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktækt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum (*). Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist meðal svarenda sé einnig til staðar meðal allra kjörinna fulltrúa bæjar- og sveitarstjórna. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p < 0,001$). Í þeim tilvikum þar sem munur var ómarktækur eru engin tákn. Skammstöfunin *óg.* merkir að marktektarprófið hafi reynst ógilt vegna fámennis í hópum.

BAKGRUNNUR ÞÁTTTAKENDA




Í tölflum 1 til 4 er að finna dreifingu svara við þeim spurningum sem svör eru greind eftir í viðauka skýrslunnar. Hlutfall karla og kvenna var nokkuð jafnt og stærstur hluti þátttakenda, eða tæplega helmingur, var 50 ára eða eldri. Hlutfallslega flestir (24%) bjuggu í 2.000 til 4.999 manna sveitarfélagi.

Þegar þátttakendur voru spurðir hvar þeir staðsettu sig á vinstri-hægri kvarða, reyndust hlutfallslega fleiri staðsetja sig hægra megin við miðju en vinstra megin við miðju. Vinstri-hægri kvarðinn tók gildi frá 0 og upp í 10 og var meðaltal kvarðans 5,2. Í viðauka eru svör flokkuð þannig að gildi á bilinu 0 til 3 eru skilgreind sem vinstra megin við miðju, gildi á bilinu 4 til 6 skilgreind á miðju og gildi á bilinu 7 til 10 skilgreind hægra megin við miðju.

Tafla 1. Hvert er kyn þitt?

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---------------------|------------|-------------------|--|
| Karl | 114 | 48% |  48% |
| Kona | 122 | 52% |  52% |
| Fjöldi svara | 236 | 100% | |
| Vil ekki svara | 0 | | |
| Alls | 236 | | |

Tafla 2. Aldursdreifing þátttakenda

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|----------------------------|------------|-------------------|--|
| 25 til 39 ára | 38 | 20% |  20% |
| 40 til 49 ára | 62 | 32% |  32% |
| 50 ára eða eldri | 92 | 48% |  48% |
| Fjöldi svara | 192 | 100% | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 44 | | |
| Alls | 236 | | |

Tafla 3. Hvað búa margir í þínu sveitarfélagi?


| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---------------------|------------|-------------------|----------|
| Færri en 500 | 48 | 20% | 20% |
| 500-999 | 38 | 16% | 16% |
| 1000-1999 | 34 | 14% | 14% |
| 2000-4999 | 56 | 24% | 24% |
| 5000-14999 | 25 | 11% | 11% |
| 15000 eða fleiri | 34 | 14% | 14% |
| Fjöldi svara | 235 | 100% | |
| Vil ekki svara | 1 | | |
| Alls | 236 | | |

Tafla 4. Hvar myndir þú staðsetja skoðanir þínar á kvarða þar sem 0 þýðir lengst til vinstri og 10 þýðir lengst til hægri?

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---------------------|------------|-------------------|----------|
| Vinstri - 0 | 19 | 10% | 10% |
| 1 | 3 | 2% | 2% |
| 2 | 5 | 3% | 3% |
| 3 | 21 | 11% | 11% |
| 4 | 19 | 10% | 10% |
| 5 | 40 | 20% | 20% |
| 6 | 16 | 8% | 8% |
| 7 | 39 | 20% | 20% |
| 8 | 28 | 14% | 14% |
| 9 | 5 | 3% | 3% |
| Hægri - 10 | 3 | 2% | 2% |
| Fjöldi svara | 198 | 100% | |
| Vil ekki svara | 38 | | |
| Alls | 236 | | |


HLUTVERKASKIPTING OG ÁHRIF Á ÁKVARÐANATÖKU

Kjörnir fulltrúar í bæjar- og sveitarstjórnnum voru fyrst spurðir um hlutverkaskiptingu milli bæjar- eða sveitarstjórnar í sveitarfélaginu og undirnefnda hennar. Mynd 1 sýnir að um og yfir 20% svarenda töldu bæjar- og sveitarstjórn gegna því hlutverki, umfram undirnefndir, að gera öðrum en kjörnum fulltrúm kleift að taka þátt í umræðum, að gera ítarlega umfjöllun um tiltekin málefni mögulega og að gera kjörnum fulltrúm kleift að sérhæfa sig. Öllu færri töldu það alla jafna vera hlutverk bæjar- og sveitarstjórna að gæta hagsmuna íbúa, að gæta hagsmuna eigin stjórnmálaflokks og að taka stefnumarkandi ákvarðanir. Slíkt þótti oftara koma í hlut undirnefnda eða að jöfn hlutverkaskipting væri milli bæjar- og sveitarstjórna og undirnefnda.




Mynd 1. Hvort telur þú að bæjar-/sveitarstjórn í þínu sveitarfélagi eða undirnefndir hennar gegni alla jafna eftirfarandi hlutverkum?

Í könnuninni voru taldir upp ýmsir aðilar sem kunna að hafa áhrif á ákvarðanatöku og voru kjörnir fulltrúar spurðir hvort þeir teldu þessa aðila hafa mikil eða lítil áhrif á ákvarðanatöku í sveitarfélaginu. Mynd 2 sýnir að meirihluti, eða 62%, taldi meirihluta í bæjar- eða sveitarstjórn hafa mjög mikil áhrif. Hlutfallslega fæstir, eða um 7%, töldu leiðtoga stjórnmálaflokka á landsvísu, þingmenn kjördæmisins og stéttarfélag hafa frekar eða mjög mikil áhrif á ákvarðanatöku.



Mynd 2. Hversu mikil eða lítil áhrif hafa eftirfarandi aðilar að þínu mati á ákvarðanatöku bæjar-/sveitarstjórnar í þínu sveitarfélagi?

Næst voru svarendur beðnir að meta hvert væri hlutverk sveitarfélaga og kjörinna fulltrúa. Mynd 3 sýnir að mikill meirihluti taldi hlutverk sveitarfélaga fyrst og fremst vera að veita góða þjónustu til íbúa sveitarfélagsins. Þá voru flestir á þeirri skoðun að starf kjörins fulltrúa ætti að snúast um stefnumótun en ekki útfærslu á daglegum verkefnum stjórnsýslunnar. Á hinn bóginn voru afar fáir sammála því að stefnumótun sveitarfélaga ætti að endurspegla stefnu ríkisvaldsins, að kjörnir fulltrúar ættu að geta gefið starfsfólki stjórnsýslunnar bein og milliliðalaus fyrirmæli eða að starfsfólk stjórnsýslu ætti að leggja fram tillögur í samræmi við skoðanir stjórnmálanna.



Mynd 3. Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga út frá afstöðu þinni til sveitarstjórnarmála

Í viðauka eru svör við fullyrðingunum sem sýndar eru á mynd 3 greind eftir bakgrunni þátttakenda (sjá töflur i til ix). Í stærri sveitarfélögum reyndust hlutfallslega fleiri á þeirri skoðun en í minni sveitarfélögum að hlutverk sveitarfélaga ætti fremur að snúast um stefnumótun en útfærslu á daglegum verkefnum stjórnsýslunnar. Í stærstu sveitarfélögum var fólk síður á þeirri skoðun en í minni sveitarfélögum að hlutverk sveitarfélaga væri fyrst og fremst að vera málsvari staðbundins lýðræðis. Þá voru hlutfallslega fleiri konur en karlar á því að sveitarfélögum bæri að haga stefnumótun í einstökum málaflokkum á þann veg að hún endurspegli stefnu ríkisvaldsins.

SAMSETNING Í BÆJAR- EÐA SVEITARSTJÓRN

Tafla 5 sýnir að algengast var að svarendur tilheyrðu bæjar- eða sveitarstjórn þar sem var eins flokks eða eins lista meirihluti eða þar sem var tveggja flokka eða tveggja lista meirihluti. Í töflu x í viðauka má sjá að í sveitarfélögum með 500 til 1.999 íbúa var eins flokks eða eins lista meirihluti algengari en í stærri sveitarfélögum.

Tafla 5. Vinsamlegast gerður grein fyrir pólitískri samsetningu þinnar bæjar-/sveitarstjórnar

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|------------|-------------------|----------|
| Eins flokks/lista meirihluti | 63 | 30% | 30% |
| Tveggja flokka/lista meirihluti | 74 | 35% | 35% |
| Þriggja eða fleiri flokka/lista meirihluti | 39 | 19% | 19% |
| Í mínu sveitarfélagi er enginn skýr meiri- eða minnihluti | 34 | 16% | 16% |
| Fjöldi svara | 210 | 100% | |
| Á ekki við | 6 | | |
| Vil ekki svara | 20 | | |
| Alls | 236 | | |


Helmingur þátttakenda kvað sinn flokk eða lista vera í meirihluta í bæjar- eða sveitarstjórn (sjá töflu 6). Eins og sjá má í töflu xi í viðauka, voru sveitarfélög með færri en 500 íbúa mun líklegri til að hafa engan skýran meirihluta en stærri sveitarfélög.

Tafla 6. Er þinn flokkur/listi í meirihluta eða minnihluta í bæjar-/sveitarstjórn?

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|------------|-------------------|----------|
| Meirihluta | 106 | 50% | 50% |
| Minnihluta | 71 | 33% | 33% |
| Í mínu sveitarfélagi er enginn skýr meiri- eða minnihluti | 37 | 17% | 17% |
| Fjöldi svara | 214 | 100% | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 22 | | |
| Alls | 236 | | |


FYRRI REYNSLA OG ÁSTÆÐA FRAMBOÐS

Mynd 4 sýnir að 37% þátttakenda höfðu fyrst verið varafulltrúar í bæjar- eða sveitarstjórn áður en þeir voru kjörnir aðalmenn og 60% höfðu áður verið valdir til að sitja í nefndum innan sveitarfélagsins. Öllu færri, eða 19%, höfðu verið valdir til að sitja í nefndum utan sveitarfélagsins áður en kom að því að þeir voru kjörnir aðalmenn í bæjar- eða sveitarstjórn.



Mynd 4. Áður en þú varst fyrst kjörin(n) aðalmaður í bæjar-/sveitarstjórn varst þú...

Einnig var spurt út í ástæður fyrsta framboðs til kjörins fulltrúa í bæjar- eða sveitarstjórn. Mynd 5 sýnir að hlutfallslega flestir töldu það vera mikilvæga ástæðu að geta haft tækifæri til að hafa áhrif á stjórnsýslu sveitarfélagsins, að fá tækifæri til þess að hafa áhrif á ákveðin mál og að það væri samfélagsleg skylda þeirra að taka þátt í stjórnmálum. Hlutfallslega fæstir töldu greiðslur fyrir setu sem kjörinn fulltrúi vera mikilvæga ástæðu. Bakgrunnsgreining leiddi í ljós að líkur á að kjörnir fulltrúar nefndu almennan áhuga á stjórnmálum, sem mikilvæga ástæðu framboðs, jukust með aukinni stærð sveitarfélags. Ungt fólk var líklegri en hið eldra til að telja það mikilvæga ástæðu að fá tækifæri til að læra hvernig stjórnkerfið virkar og þá ástæðu nefndu einnig frekar þátttakendur sem voru vinstra megin við miðju en þeir sem voru hægra megin við miðju. Þá voru konur líklegri en karlar til að telja það mikilvæga ástæðu að vilja vinna gott starf fyrir flokkinn (sjá töflur xii-xxi í viðauka).




Mynd 5. Þegar þú bauðst þig fyrst fram sem kjörinn fulltrúi í bæjar-/sveitarstjórn, hve mikilvægar eða lítilvægar voru eftirfarandi ástæður?

Töluverð dreifing var á svörum við spurningunni um hversu vel eða illa undirbúna kjörnir fulltrúar töldu sig vera, þegar þeir voru fyrst kjörnir í bæjar- eða sveitarstjórn. Þó voru hlutfallslega fleiri sem töldu sig vara frekar eða mjög vel undirbúna (46%) en sem töldu sig vera frekar eða mjög illa undirbúna (28%) (sjá töflu 7).

Tafla 7. Telur þú þig hafa verið vel eða illa undirbúin(n) fyrir að sinna stöðu þinni sem kjörinn fulltrúi þegar þú varst fyrst kjörin(n) í bæjar-/sveitarstjórn?

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|----------------------------|------------|-------------------|-------|
| Mjög illa | 14 | 7% | ■ 7% |
| Frekar illa | 44 | 21% | ■ 21% |
| Hvorki vel né illa | 58 | 27% | ■ 27% |
| Frekar vel | 69 | 33% | ■ 33% |
| Mjög vel | 27 | 13% | ■ 13% |
| Fjöldi svara | 212 | 100% | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 24 | | |
| Alls | 236 | | |

Ekki var munur á því hversu vel eða illa svarendur voru undirbúinir fyrir stöðu sína sem kjörinn fulltrúi í bæjar- eða sveitarstjórn eftir bakgrunni (sjá töflu xxii í viðauka). Spurt var nánar út í undirbúning kjörinna fulltrúa með spurningum um hvaða nám eða námskeið þeir höfðu sótt. Mynd 6 sýnir að stór hluti (62%) hafði sótt námskeið Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir nýja fulltrúa í bæjar-/sveitarstjórn og ríflega helmingur hafði sótt námskeið til að auka þekkingu sína á einstökum verkefnum sveitarfélagsins.



Mynd 6. Hefur þú sótt námskeið til að styrkja þig sem kjörinn fulltrúi?

Þegar spurt var um menntun og fyrri störf kom í ljós að mikill meirihluti hafði lokið háskólanámi eða sambærilegu námi (sjá töflu 8). Hlutfallslega fleiri konur en karlar höfðu lokið háskólanámi og elsti

aldurshópurinn, 50 ára og eldri, var ólíklegri til að hafa lokið námi á háskólastigi en hinir yngri. Þá kom í ljós að í stærri sveitarfélögum voru hlutfallslega fleiri sem höfðu lokið háskólanámi en í minni sveitarfélögum (sjá töflu xxiii í viðauka).

Tafla 8. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|------------------------------------|------------|-------------------|-------|
| Grunnskólanám | 8 | 4% | ■ 4% |
| Framhaldsskóli eða sambærilegt nám | 45 | 23% | ■ 23% |
| Háskóli eða sambærilegt nám | 141 | 73% | ■ 73% |
| Fjöldi svara | 194 | 100% | |
| Vil ekki svara | 42 | | |
| Alls | 236 | | |

Töluverð dreifing var á svörum við spurningunni um hvaða starfi svarendur höfðu sinnt áður. Tafla 9 sýnir að algengast var að um hafi verið að ræða stjórnunarstarf hjá einkafyrirtæki. Elstu þátttakendurnir voru líklegri en hinir yngri til að hafa gegnt stjórnunarstöðu og í stærstu sveitarfélögum var algengara en í hinum minni að fólk hafði gegnt stjórnunarstöðu áður en það var kosið sem fulltrúi í bæjar- eða sveitarstjórn (sjá töflu xxiv í viðauka).

Tafla 9. Undir hvern af eftirfarandi flokkum fellur starfið sem þú starfaðir síðast við áður en þú varst fyrst kosin/n sem fulltrúi í bæjar-/sveitarstjórn?

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|------------|-------------------|----------|
| Þingmaður | 2 | 1% | ■ 1% |
| Starfsmaður í opinberri stjórnsýslu | 16 | 8% | ■ 8% |
| Starfsmaður hjá félagasamtökum | 6 | 3% | ■ 3% |
| Stjórnandi hjá félagasamtökum | 3 | 2% | ■ 2% |
| Stjórnandi hjá hinu opinbera | 22 | 11% | ■ 11% |
| Stjórnandi hjá einkafyrirtæki | 38 | 20% | ■ 20% |
| Kennari | 22 | 11% | ■ 11% |
| Aðrar fagstéttir (t.d. lögfræðingur eða læknir) | 16 | 8% | ■ 8% |
| Tæknigreinar | 6 | 3% | ■ 3% |
| Skrifstofustarf | 12 | 6% | ■ 6% |
| Verslun og þjónusta | 5 | 3% | ■ 3% |
| Verkamaður | 4 | 2% | ■ 2% |
| Bóndi eða sjómaður | 20 | 10% | ■ 10% |
| Námsmaður | 3 | 2% | ■ 2% |
| Hef látið af störfum sökum aldurs | 1 | 1% | ■ 1% |
| Annað | 17 | 9% | ■ 9% |
| Fjöldi svara | 193 | 100% | |
| Vil ekki svara | 43 | | |
| Alls | 236 | | |

SAMSKIPTI


Þegar svarendur voru spurðir hvort þeir teldu pólitísk átök vera milli stjórn málafla sem mynda bæjar- eða sveitarstjórn kom í ljós að 20% töldu átök vera tíð, um helmingur taldi einhver átök vera til staðar en 31% kvað engin átök vera milli stjórn málafla (sjá töflu 10).

Tafla 10. Þegar á heildina er litið, hvernig metur þú tíðni pólitískra átaka á milli þeirra stjórn málafla sem mynda bæjar-/sveitarstjórn í þínu sveitarfélagi?

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---------------------------------------|------------|-------------------|-----|
| Átök eru tíð | 41 | 20% | 20% |
| Einhver átök eru til staðar | 98 | 49% | 49% |
| Engin átök eru á milli stjórn málafla | 62 | 31% | 31% |
| Fjöldi svara | 201 | 100% | |
| Á ekki við | 15 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 20 | | |
| Alls | 236 | | |


Í viðauka er að finna bakgrunnsgreiningu á svörum við spurningunni um mat á pólitískum átökum milli stjórn málafla í bæjar- eða sveitarstjórn (sjá töflu xxv). Þar sést að átök þóttu vera mun tíðari í stærri sveitarfélögum en í hinum smærri.

Þá voru svarendur spurðir hversu oft þeir áttu í samskiptum við ýmsa kjörna fulltrúa, starfsfólk í stjórnsýslu sveitarfélags, almenning og fjölmiðlafólk. Mynd 7 sýnir að nærri helmingur svarenda átti í daglegum samskiptum við íbúa sveitarfélagsins. Þá átti 41% í daglegum samskiptum við oddvita síns flokks eða lista. Á hinn bóginn var nokkuð stór hluti, eða um og yfir þriðjungur, sem átti aldrei í samskiptum við fjölmiðlafólk, starfsfólk stofnana ríkisins og starfsfólk Sambands íslenskra sveitarfélaga.



Mynd 7. Hversu oft að jafnaði áttu í samskiptum við eftirfarandi aðila?

Mynd 8 sýnir að kjörnir fulltrúar höfðu sjaldnast samband við þingnefndir til að vinna staðbundnum málefnum sveitarfélagsins eða byggðarlagsins brautargengi. Algengast var að kjörnir fulltrúar hefðu samband við þingmenn síns kjördæmis eða forystufólk í sínum stjórnmálaflokki á landsvísu til að vinna málefnum brautargengi.



Mynd 8. Hversu oft hefur þú haft samband við eftirfarandi aðila til að vinna staðbundnum málefnum sveitarfélagsins eða byggðarlagsins brautargengi?


VINNUTÍMI OG GREIÐSLUR

Nokkuð misjafnt var hve miklum tíma var varið í hin ýmsu verkefni sem fylgja því að vera í bæjar- eða sveitarstjórn. Þegar öll verkefni voru talin til, kom í ljós að svarendur vörðu 50 tímum á mánuði, að meðaltali, í verkefni tengd stöðu sinni sem kjörinn fulltrúi í bæjar- eða sveitarstjórn (sjá töflu 11). Bakgrunnsgreining leiddi í ljós að eftir því sem sveitarfélagið var stærra, þeim mun meiri tíma var varið í verkefni tengd því að vera fulltrúi í bæjar- eða sveitarstjórn (sjá töflu xxvi í viðauka).

Tafla 11. Hve miklum tíma á mánuði eyðir þú í eftirfarandi verkefni?

| | Fjöðlisvara | Lægstagið | Hæstagið | Meðaltal | Staðalfrávik |
|--|-------------|-----------|----------|----------|--------------|
| Bæjar-/sveitarstjórnarfundir | 203 | 0 | 50 | 7,0 | 6,0 |
| Aðrir nefndarfundir (þ.m.t. bæjarráð) | 198 | 0 | 60 | 10,4 | 11,2 |
| Fundir með samfélagsfélögum í bæjar-/sveitarstjórn | 195 | 0 | 32 | 5,7 | 5,8 |
| Opnarum ráðum, fundum með búum o.s.frv. | 191 | 0 | 15 | 2,3 | 2,8 |
| Þátttöku á opinberum vettvangi | 188 | 0 | 44 | 3,7 | 5,9 |
| Vettvangsheim sóknir til stofnana sveitarfélagsins | 185 | 0 | 10 | 1,5 | 2,2 |
| Undirbúningur fyrir bæjar-/sveitarstjórnarfundir eða aðrir nefndarfundir | 202 | 0 | 120 | 12,6 | 14,9 |
| Önnur mikilvæg verkefni kjörins fulltrúa | 193 | 0 | 60 | 8,4 | 9,8 |
| Samantals fjöldi tiltekiðra iofantala verkefna | 203 | 4 | 212 | 50,0 | 39,9 |

Jafnframt var kannað hvort önnur vinna kæmi niður á möguleikum svarenda til að sinna hlutverki sínu sem kjörinn fulltrúi í bæjar- eða sveitarstjórn. Mynd 9 sýnir að yfir helmingur þátttakenda hafði einhvern tíma átt erfitt með að sækja fundi bæjar- eða sveitarstjórnar eða nefndarfundir vegna vinnu. Á hinn bóginn var fátítt að vinnuveitandi hafi neitað svarendum um leyfi til að mæta á fundi. Þó sögðu um 20% að vinnuveitandi hafi einhvern tíma beitt svarendur þrýstingi til að sleppa fundum á vinnutíma og 30% höfðu upplifað neikvæð samskipti við yfirmann vegna pólitískrar þátttöku. Hlutfallslega fleiri karlar en konur höfðu átt erfitt með að sækja fundi bæjar- eða sveitarstjórnar eða nefndarfundir vegna vinnu. Þá voru svarendur, sem staðsettu stjórnmalaskoðanir sínar nálægt miðju, líklegastir til að hafa verið neitað um leyfi til að mæta á slíkum fundum og þessi hópur var jafnframt líklegri en sá sem staðsetti skoðanir sínar til vinstri eða hægri til að hafa upplifað neikvæð samskipti við yfirmann vegna pólitískrar þátttöku sinnar (sjá töflur xxvii - xxx í viðauka).




Mynd 9. Sveigjanleiki af hálfu atvinnurekenda er mikilvægur fyrir kjörna fulltrúa. Vinsamlegast svaraðu eftirfarandi spurningum út frá þinni reynslu á yfirstandandi kjörtímabili

Kannað var hvort starfið sem kjörinn fulltrúi í bæjar- eða sveitarstjórn væri fullt starf. Í ljós kom að einungis 15% voru í fullu starfi sem kjörinn fulltrúi (sjá töflu 12). Svarendur í sveitarfélögum þar sem bjuggu a.m.k. 5.000 manns voru mun líklegri til að vera í fullu starfi sem kjörinn fulltrúi en svarendur úr smærri sveitarfélögum (sjá töflu xxxi í viðauka).

Tafla 12. Er starf þitt sem kjörinn fulltrúi fullt starf?

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---------------------|------------|-------------------|-----|
| Nei | 166 | 85% | 85% |
| Já | 29 | 15% | 15% |
| Fjöldi svara | 195 | 100% | |
| Vil ekki svara | 41 | | |
| Alls | 236 | | |








Mynd 10 sýnir að nærri 40% svarenda voru í skertu starfshlutfall sem kjörinn fulltrúi meðfram öðru starfi og fjórðungur hafði minnkað við sig vinnu til að sinna starfi kjörins fulltrúa. Meirihluti, eða 77%, var í fullu starfi annars staðar. Með aukinni stærð sveitarfélags, jukust líkur á að svarendur höfðu minnkað við sig vinnu til að sinna starfi kjörins fulltrúa. Jafnframt leiddi bakgrunnsgreining í ljós að fólk sem staðsetti stjórnmalaskoðanir sínar til hægri var líkleggra til að vera í fullu starfi annars staðar en vinstri- og miðjufólk (sjá töflur xxxii – xxxiv í viðauka).



Mynd 10. Eiga eftirfarandi fullyrðingar við um þig og þitt starf?

Tafla 13 sýnir að þátttakendur skiptust í tvo næstum jafnstóra stóra hópa þegar spurt var um viðhorf til greiðslna fyrir að vera kjörinn fulltrúi í bæjar- eða sveitarstjórn. Ýmist þótti svarendum greiðslur vera ófullnægjandi eða fullnægjandi.


Tafla 13. Hversu ófullnægjandi eða fullnægjandi telur þú þau laun og/eða greiðslur sem þú færð sem kjörinn fulltrúi í bæjar-/sveitarstjórn vera?

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|-----------------------------|------------|-------------------|--|
| Greiðslur eru ófullnægjandi | 42 | 22% |  22% |
| 2 | 31 | 16% |  16% |
| 3 | 26 | 13% |  13% |
| 4 | 14 | 7% |  7% |
| 5 | 22 | 11% |  11% |
| 6 | 21 | 11% |  11% |
| Greiðslur eru fullnægjandi | 38 | 20% |  20% |
| Fjöldi svara | 194 | 100% | |
| Vil ekki svara | 42 | | |
| Alls | 236 | | |

Í ljós kom að svarendur í stærstu sveitarfélögum voru líklegri til að telja greiðslur vera fullnægjandi en svarendur í minni sveitarfélögum (sjá töflu xxxv í viðauka).

MAT Á EIGIN HLUTVERKI OG ÁBYRGÐ


Svarendur voru spurðir hvaða hlutverki þeir gegndu innan bæjar- eða sveitarstjórnar. Eins og sjá á mynd 11 kváðust 29% svarenda vera formenn nefnda eða stjórna í sveitarfélaginu en jafnhátt hlutfall sagðist ekki gegna neinni sérstakri ábyrgðastöðu innan bæjar- eða sveitarstjórnar. Gerð var bakgrunnsgreining á tveimur algengustu ábyrgðarhlutverkunum, þ.e. að gegna formennsku í nefnd eða stjórn og að vera oddviti sveitarstjórnar eða forseti bæjarstjórnar, en ekki reyndist vera munur á því hvort svarendur gegndu þessum stöðum eftir kyni, aldri, stærð sveitarfélags og staðsetningu á vinstri-hægri kvarða (sjá töflur xxxvi - xxxviii í viðauka).



Nefna mátti fleira en eitt atriði. Þess vegna er samanlagt hlutfall svarenda hærra en 100%

Mynd 11. Gegnir þú einhverri af eftirtöldum ábyrgðarstöðum innan bæjar-/sveitarstjórnar?

Mynd 12 birtir mikilvægustu verkefni kjörinna fulltrúa í bæjar- og sveitarstjórn, að mati svarenda. Af þeim atriðum sem listuð eru á myndi, þótti hlutfallslega flestum mjög mikilvægt að skapa framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið (81%) og að verja hagsmuni sveitarfélagsins gagnvart ríkisvaldinu (75%).



Mynd 12. Hversu mikilvæg eða lítilvæg telur þú eftirfarandi verkefni vera fyrir þig sem kjörinn fulltrúi í bæjar-/sveitarstjórn?


Eins og sjá má í töflu 14, taldi mikill meirihluti svarenda að kjörinn fulltrúi ætti að kjósa samkvæmt eigin sannfæringu þó skoðanir viðkomandi stönguðust á við skoðanir flokksfélaga í bæjar- eða sveitarstjórn eða kjósenda.

Tafla 14. Ef skoðanir kjörins fulltrúa í bæjar-/sveitarstjórn stangast á við skoðanir flokksfélaga í bæjar-/sveitarstjórn eða skoðanir kjósenda, hvernig ætti viðkomandi að kjósa að þínu mati?

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|------------|-------------------|-----|
| Kjósa samkvæmt eigin sannfæringu | 180 | 89% | 89% |
| Kjósa samkvæmt stefnu flokksins/listans | 17 | 8% | 8% |
| Kjósa samkvæmt álitni kjósenda | 6 | 3% | 3% |
| Fjöldi svara | 203 | 100% | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 33 | | |
| Alls | 236 | | |

AÐGENGI AÐ UPPLÝSINGUM


Mynd 13 sýnir að hlutfallslega flestir svarenda voru sammála staðhæfingunni um að aðgengi að upplýsingum væri alltaf nægilegt til að taka upplýsta ákvörðun í starfinu sem kjörinn fulltrúi. Aftur á móti kvaðst ríflega þriðjungur vera sammála því að það hafi gerst á yfirstandandi kjörtímabili að einhver hafi ekki látið upplýsingar í té, sem þóttu nauðsynlegar til að sinna starfinu sem kjörinn fulltrúi.



Mynd 13. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum um aðgengi að upplýsingum?

Í viðauka eru svör við spurningum um aðgengi að upplýsingum greind eftir bakgrunni þátttakenda (sjá töflur xxxix og xl). Þar sést að hlutfallslega fleiri konur en karlar voru ósammála því að hafa alltaf aðgengi að nægum upplýsingum til að taka upplýsta ákvörðun í starfi.


Mynd 14 sýnir að algengast var að svarendur sæktu upplýsingar til bæjar- eða sveitarstjóra, en um þriðjungur svarenda kvaðst gera það mjög oft eða alltaf. Sömuleiðis sótti stór hópur aðstoð eða upplýsingar til samflokksfólks í sveitarstjórn og tæplega fjórðungur kvaðst mjög oft eða alltaf afla upplýsinga sjálf(ur).



Mynd 14. Vinsamlegast leggðu mat á hvert þú sækir helst aðstoð eða upplýsingar innan stjórnarsýslunnar í þínu sveitarfélagi

PÓLÍTI SKUR ÞRÝSTINGUR

Kjörnir fulltrúar voru spurðir hvort þeir hafi á yfirstandandi kjörtímabili orðið fyrir þrýstingi þegar kemur að ákvörðunartöku í einstaka málum af hálfu byggingaverktaka, félagasamtaka, landeigenda, fyrirtækja innan sveitarfélagsins og annarra. Í ljós kom að meira en helmingur þátttakenda hafði einhvern tíma verið beittur þrýstingi af hálfu félagasamtaka, landeigenda eða fyrirtækja en minna var um að kjörnir fulltrúar hafi verið beittir þrýstingi af hálfu byggingaverktaka eða annarra (sjá mynd 15).




Mynd 15. Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga um þrýsting þegar kemur að ákvarðanatöku í einstaka málum

